

# Skýrsla stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands fyrir starfsárið 2005-2006

## Flutt á aðalfundi félagsins 9. febrúar 2006

### 37. starfsár

Nýliðið starfsár hefur verið afar gróskumikið. Helstu markmið stjórnar Skýrslutæknifélagsins á nýliðnu ári voru sem fyrr að reka félagið með hagnaði en um leið að efla faglegt starf innan þess. Þessi markmið náðust auk þess sem áfram tókst að fjölga félögum milli ára eftir nokkurt tímabil fækkunar. Það er því alveg ljóst að félagið er áfram í sókn, ráðstefnur eru vel sóttar, gæði atburða eru góð og rekstrargrundvöllur félagsins hefur enn batnað á milli ára.

Félagsmönnum fjölgaði um 107 á milli ára, úr 807 í 914. Skýringin er að hluta til sú að margir gengu í nýjan faghóp Skýrslutæknifélagsins UT-konur sem stofnaður var sl. vor. Enn verður vart við aðhaldsaðgerðir fyrirtækja sem hafa beinlínis fækkað félagsmönnum. Þrátt fyrir það tóks að fjölga félögum um umtalsvert.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2005-2006:

Svana Helen Björnsdóttir, formaður  
Arnaldur F. Axþjörð, varaformaður  
Jóhann Kristjánsson, gjaldkeri  
Ebba Þóra Hvannberg, meðstjórnandi  
Einar H. Reynis, meðstjórnandi  
Eggert Ólafsson, meðstjórnandi  
Þorvaldur Jacobsen, ritari og varamaður  
Baldur Johnsen, varamaður

Stjórnin hélt 17 bókaða stjórnarfundum auk fjölda vinnufunda bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

### 1. Ráðstefnur og fundir

Ráðstefnu- og fundahald var með líflegu móti á árinu. Félagið stóð fyrir samtals 20 atburðum á árinu. Haldnar voru 10 ráðstefnur, tvö tveggja daga námskeið, morgunverðarfundur og þrjár hádegisverðarfundir ásamt fjórum fundum sem tengdust faghópastarfi beint. Sjá yfirlit um atburði félagsins í viðauka með þessari skýrslu.

Faghópar voru mjög virkir við ráðstefnu- og fundahald og voru atburðir félagsins yfirleitt vel sóttir. Alls tóku 1373 manns þátt í atburðum félagsins.

### 2. Tímaritið Tölvumál og vefurinn

Eins og árið 2004 þá voru greinar birtar á vef félagsins árið 2005. Tölvumál kom út á pappír í nóvember og voru allar greinarnar frumsamdar fyrir blaðið. Formaður ritnefndar hefur séð til þess að nýjar fréttir úr upplýsingatæknigeiranum birtast daglega á vef félagsins.

### 3. Orðanefnd

Orðanefnd gaf út í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag 4. útgáfu af Tölvuorðasafninu, en það var aukin og endurbætt útgáfa. Orðanefndin vann sjálf ötullega að því að fá styrk til útgáfunnar bæði frá fyrirtækjum og stofnunum.

### 4. Faghópar

Á árinu 2005 bættist við einn faghópur í viðbót í Skýrslutæknifélagið en það er faghópur UT-kvenna í upplýsingatækni. Stofnfundurinn var haldinn 25. maí síðastliðinn og á hann mættu 65 stofnfélagar. Markmið faghópsins er m.a. að stuðla að fjölgun kvenna í upplýsingatækni og auka sýnileika þeirra.

Faghópar Ský eru:

1. DECUS, formaður er Sigurjón Þór Árnason, félagar eru 58.
2. Faghópur um áragursríka vefstjórn, formaður er Gunnar Grímsson, félagar eru 47.
3. Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, formaður er Valgerður Gunnarsdóttir, félagar eru 110.
4. Öldungadeild, formaður er Jóhann Gunnarsson, félagar eru 33.
5. UT-konur, formaður er Ásrún Matthíasdóttir, félagar eru 109.

### 5. Tölvuökuskírteini – TÖK

Á liðnu ári voru gefin út 112 ný hæfnisskírteini, en það eru fleiri skírteini en árið á undan. Jafnframt útskrifuðust 118 með fullgild Tölvuökuskírteini sem eru einnig fleiri en í fyrra. Prófmíðstöðvar eru nú sex talsins. Alls hafa nú verið gefin út 940 hæfnisskírteini og samtals hafa 592 útskrifast frá upphafi árið 2000. Í stuttu máli má segja að tölvuökuskírteinið hafi gengið vel á árinu.

### 6. Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er aðili að FUT og SARÍS og á fulltrúa í stjórn þessara félaga. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar.

### 7. Erlent samstarf

Við áttum í samstarfi bæði við CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies) og NDU (Nordisk Data Union) á árinu, þó fulltrúi Ský hefði ekki sótt fundi CEPIS í ár. Framkvæmdastjóri félagsins sótti annan af tveimur fundum Nordisk Data Union sem haldinn var í Kaupmannahöfn, en þann fund sækja framkvæmdastjórar systurfélaga okkar á Norðurlöndunum.

### 8. Afkoma félagsins

Eins og fram hefur komið náðust þau markmið stjórnar að reka félagið með hagnaði og efla faglegt starf þess. Undanfarin starfsár hefur aðhald ríkt í rekstri félagsins og hefur það skilað sér í ágætum hagnaði félagsins þriðja árið í röð. Ráðstefnur og fundir hafa gengið vel og tekist

hefur að fá til landsins virta sérfræðinga án mikils kostnaðar fyrir félagið. Í lok ársins 2005 er hreinn hagnaður 1.793.747 kr. og verður það teljast mjög góður árangur.

Í vetur ákvað stjórn félagsins að flytja fjármuni í varasjóði af bankareikningi með litla sem enga ávöxtun yfir í tvo verðbréfasjóði af ólíku tagi. Keypt voru svokölluð markaðsverðbréf sem gefa félaginu mun betri ávöxtun.

## Lokaorð

Skýrslutæknifélag Íslands er nú 38 ára og á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út blaðið Tölvumál, vinnur að þýðingu erlendra fagorða í upplýsingatækni yfir á íslensku, starfrækir faghópa og rekur skrifstofu að Laugavegi 178, þar sem að jafnaði starfa tveir starfsmenn. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum sem sjaldnast krefjast greiðslu fyrir sitt framlag. Ég vil hér þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Starf stjórnar hefur á síðastliðnu ári einkennst mjög af stefnumótunarvinnu og viðræðum við þrjú önnur félög á sviði upplýsingatækni um mögulegt samstarf eða samruna. Þessi félög eru GS1, IcePro og FUT. Á síðasta ári gengu þessi félög til formlegra viðræðna um mögulegan samruna og var ráðgjafafyrirtækið IMG fengið til aðstoðar við gerð skýrslu og tillagna um slíkan samruna. Skýrslan liggur nú fyrir og hefur verið til rýni hjá stjórnnum félaganna. Hún mun væntanlega koma út á næstu dögum. Stjórn Ský hefur samþykkt að halda áfram viðræðum um þessi mál. Nú eru uppi á borði hugmyndir um samrekstur Ský, GS1 og IcePro, en ljóst er að starfsemi FUT verður að stærstum hluta áfram innan Staðlaráðs Íslands. Skv. samþykktum Ský verða engar ákvarðanir teknar um samruna eða niðurlagningu Ský nema á aðalfundi. Einnig væri hugsanlegt að efna til almennra kosninga um málið meðal félagsmanna. Stjórn félagsins hefur undirbúið rafræna viðhorfskönnun meðal félagsmanna sinna þar sem m.a. vilji þeirra til samruna við skyld félög verður kannaður. Ætlunin er að framkvæma þessa viðhorfskönnun á næstu vikum.

Ég vil að lokum nota tækifærið og þakka Arnaldi Axfjörð sem nú hverfur úr stjórninni fyrir ánægjulegt og gott samstarf síðastliðin ár. Arnaldur hefur starfað í stjórn félagsins um þriggja ára skeið og síðastliðin tvö ár sem varaformaður. Hann hefur verið mjög öflugur stjórnarmaður og starfaði á síðasta ári sem fulltrúi Ský í samstarfsnefnd Ský, GS1, IcePro og FUT um mögulegan samruna félaganna. Einnig hættir nú í stjórn félagsins Baldur Johnsen sem starfað hefur sem varamaður í stjórn félagsins í eitt ár. Honum eru færðar bestu þakkir fyrir ánægjulegt og gott samstarf á liðnu ári

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands,

Svana Helen Björnsdóttir, formaður.

## Skýrsla stjórnar – viðauki

Árið 2005 var 37. starfsár félagsins. Fullgildir félagsmenn voru 914 í lok starfsárs.

### Stjórn

Aðalfundur var haldinn 27. janúar 2005.

Í stjórn Skýrslutækni félags Íslands sátu árið 2005-2006:

Svana Helen Björnsdóttir, formaður  
Arnaldur F. Axfjörð, varaformaður  
Jóhann Kristjánsson, gjaldkeri  
Ebba Þóra Hvannberg, meðstjórnandi  
Einar H. Reynis, meðstjórnandi  
Eggert Ólafsson, meðstjórnandi  
Þorvaldur Jacobsen, ritari og varamaður  
Baldur Johnsen, varamaður

Haldnir hafa verið 17 hefðbundnir stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölda nefndarfunda sem stjórnarmenn hafa sótt.

### Fjármál

Tekjur umfram gjöld á árinu voru kr. 1.793.747,- Ívar Guðmundsson hjá Deloitte hf hefur aðstoðað við gerð ársreiknings Skýrslutækni félagsins, en félagskjörnir endurskoðendur eru Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson.

### Útgáfumál

Ritstjórn hélt 22 fundi á starfsárinu. Alls voru birtar 9 greinar á vef félagsins auk fjölda smáfrétta sem eru endurnýjaðar nánast alla virka daga. Tölvumál voru gefin út í nóvember og var blaðið að þessu sinni helgað útrás í UT. Í blaðinu voru 10 greinar og 5 viðtöl og var það 44 blaðsíður. Greinar voru alls á árinu 24.

Ritstjórn skipa núna:

Einar H. Reynis  
Stefán Hrafn Hagalín  
Halldór Jón Garðarsson  
Þorvarður Kári Ólafsson  
Hákon Davíð Halldórsson  
Guðmundur Pálsson  
Jón Heiðar Þorsteinsson  
Valsteinn Haraldsson

### Nefndir

#### Orðanefnd:

Sigrún Helgadóttir, formaður  
Örn Kaldalóns  
Baldur Jónsson  
Þorsteinn Sæmundsson

#### Siðanefnd:

Erla S. Árnadóttir, formaður  
Snorri Agnarsson  
Gunnar Linnét  
Heimir Sigurðsson, varamaður

**Fagráð í upplýsingatækni, fulltrúi Ský:**

Eggert Ólafsson  
Einar H. Reynis, varamaður

**Stjórn Persónuverndar, fulltrúi Ský:**

Svana Helen Björnsdóttir  
Arnaldur F. Axfjörð, varamaður

Að auki hefur starfað fjöldi nefnda um einstök verkefni og atburði og fjórir faghópar.

**Ráðstefnur og fundir**

1. Hálf dagsráðstefna, *Sambætting í rafrænum viðskiptum*, haldin 18. janúar, þátttakendur 115.
2. Hádegisverðarfundur, *Ljósleiðarar og kopar* haldinn 23. febrúar, þátttakendur 103.
3. Hálf dagsráðstefna, *Vefstjórnun*, haldin 2. mars, þátttakendur 120.
4. Hálf dagsráðstefna, *Er upplýsingaöryggið heilbrigt?*, haldin 31. mars, þátttakendur 65.
5. Hádegisverðarfundur um *skráningu léna og forræði yfir þeim* haldinn 26. apríl, þátttakendur 34.
6. Tveggja daga námskeið um áhættugreiningu, haldið 4.-5. maí, þátttakendur 15.
7. Tveggja daga námskeið undir yfirskriftinni *Tölvuhakkarar*, haldið 4.-5. maí, þátttakendur 18.
8. Heilds dagsráðstefna, *Stendur öryggið þér fyrir þrifum?*, haldin 6. maí, þátttakendur 33.
9. Hálf dagsráðstefna, *Heilbrigðar lausnir* haldin 19. maí, þátttakendur 55.
10. Hálf dagsráðstefna, *Hver ertu?-ráðstefna um rafræna auðkenningu*, haldin 25. maí, þátttakendur 58.
11. Morgunverðarfundur, *Tilraunasamfélag í rafrænum viðskiptum* haldinn 9. júní, þátttakendur 34.
12. Hálf dagsráðstefna, *Góð vefstjórnun* haldin 6. september, þátttakendur 133.
13. Hálf dagsráðstefna, *Kóðar eða kaos?*, haldin 29. september, þátttakendur 66.
14. Hálf dagsráðstefna, *Árangur og arðsemi* haldin 20. október, þátttakendur 57.
15. Hálf dagsráðstefna um *hugbúnaðarþróun* haldin 15. nóvember, þátttakendur 87.
16. Hádegisverðarfundur um úttekt á opinberum vefjum, haldinn 12. desember, þátttakendur 145.

**Aðrir fundir sem haldnir voru á vegum félagsins:**

17. Fundur á vefum Fókus um upplýsingatækni kerfi fyrir lyfjaávisanir, haldinn 19. janúar 2005, þátttakendur 45.
18. Stofnfundur UT-kvenna, haldinn 25. maí 2005, þátttakendur 65.
19. Haustfundur UT-kvenna, haldinn 15. september 2005, þátttakendur 95.
20. Kynningarfundur um Snomed kóðunarkerfi, haldinn 27. október 2005, þátttakendur 30.

Þátttakendur á hefðbundnum fundum og ráðstefnum félagsins voru 1138 talsins á árinu, en ef taldir eru með aðrir fundir þá voru þátttakendur samtals 1373.

Starfsmenn félagsins á árinu 2005 voru Hólmfríður Arnadóttir framkvæmdastjóri, Sóley Jensdóttir á skrifstofu og Guðrún Pálína Haraldsdóttir í afleysingum á skrifstofu.